

Hvaða lag?

Að segja söguna á bak við lagið og gera það sjónrænt til að dýpka skilninginn



Nonni, Sigga og Stína eru að fara að gista hjá ömmu og afa í sveitinni. Það er langt að keyra en í huganum geta þau flogið þangað fljótt. Nonni (7 ára) myndi vilja fluga í flugvél. Sigga (6) eins og fiðrildi en Stína (2) elskar fugla og vill fljúga þannig.

Bærinn þeirra afa og ömmu heitir Bakki . Það er
bóndabær og þau eiga margar kindur. Afi á líka hest
sem heitir Rauður, og hann fer oft á hestbak.

Þegar krakkarnir horfa út um gluggann
sjá þau fiðrildi flögra, heyra kindurnar
og lömbin jarma og lengst í fjarska sjá
þau lítinn seglbát sigla inn fjörðinn.





Í fyrrasumar gáfu afi og amma Siggú lítið lamb. Hún skírði lambið sitt Gibbu. Nú er Gibba orðin stór ær og hægt að mjólka hana.

Sigga sest á stígunum með fötu til að mjólka í. Hún kreistir mjólk út úr spenunum eins og afi var búinn að kenna henni. Hún leyfir Nonna stórabróður að smakka mjólkina en honum finnst samt kúamjólk betri.

Amma vill baka pönnukökur handa börnunum en það vantar sykur. Það þarf líka að kaupa ýmislegt annað, eins og til dæmis brauð.

Afi er sendur til kaupmannsins sem er í suðurátt. Hann fer auðvitað á honum Rauð.

"Ætli hann kaupi líka brjóstsykur handa okkur?" hugsar Nonni.





Eftir kvöldmatinn er kominn háttatími fyrir Stínu því hún er yngst. Stína hoppar í rúminu og vill ekki sofa. Hún er með svefngalsa.

"Bí bí" segir hún og hlær. "Bí bí, amma!" Hún bendir út um gluggann á fuglana á túninu og hoppar, en svo dettur hún og fer að gráta. Hún er greinilega orðin ofurþreytt!

"Æ, Æ" segir amma. "Það er kominn kveldúlfur í kerlinguna mína! Legstu nú í rúmið, ástin mín. Amma skal sitja hjá þér og þrjóna þar til þú sofnar!" Síðan fer amma að syngja vögguvísu fyrir Stínu um lóuna sem segir: "Bí, bí, bí, bí. Vorið er komið víst á ný".

Syrpa

Afi minn og amma mín
úti á Bakka búa.
Þau eru bæði sæt og fín
og þangað vil ég fljúga.

Fljúga hvítu fiðrildin
fyrir utan gluggann.
Þarna siglir einhver inn
ofurlítill duggan.

Sigga litla systir mín
situr úti í götu.
Er að mjólka ána sín
í ofurlitla fötu.

Afi minn fór á honum Rauð
eitthvað suður á bæi.
Sækja bæði sykur og brauð
sitt af hvoru tagi.

Fuglinn segir bí, bí, bí.
Bí, bí segir hún Stína.
Kveldúlfur er komin í
kerlinguna mína.